



# Stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Mái 2023

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Dagsetning	Endurskoðað /undirritað af	Dagsetning
1.0	Nýtt skjal	Aldís Bjarnadóttir	03.04.2019	Áhættustefnunefnd	29.04.2019
1.1		Stjórn	08.05.2019	Stjórn	08.05.2019
2.0	Breytingar á gr. 6.2., 6.3. og 7. kafla	Regluvörslu Stjórn	22.04.2020	Áhættustefnunefnd	27.04.2020
		Stjórn	08.05.2020	Stjórn	08.05.2020
3.0	Breyting á 3. kafla	Stjórn	04.06.2021	Stjórn	04.06.2021
4.0	Breyting á kafla 1.4	Regluvörslu	14.12.2022	Áhættustefnunefnd	19.12.2022
				Stjórn	12.01.2023
5.0	Breyting á kafla 2. og 3.	Regluvörslu	18.04.2023	Áhættustefnunefnd	24.04.2023
				Stjórn	04.05.2023

Allur réttur áskilinn. Ekki má fjölfalda, vista eða dreifa skjalinu með neinum hætti, þ. á m. ljósrita eða hljóðrita, án fyrirfram veitts skriflegs leyfis Íslandsbanka hf. eða sérstakrar heimildar í lögum. Fyrirspurnum vegna fjölföldunar skal beina til regluvarðar Íslandsbanka hf.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.1. Skilgreiningar .....	4
1.2. Lagalegur bakgrunnur .....	4
1.3. Markmið og gildissvið .....	5
1.4. Eignarhald og endurskoðun stefnu.....	5
2. Hlutverk og ábyrgð.....	5
2.1. Stjórn .....	5
2.2. Áhættustefnunefnd .....	5
2.3. Framkvæmdastjórar .....	5
2.4. Regluvarsla.....	6
2.5. Innri endurskoðun .....	6
2.6. Allir starfsmenn.....	6
2.7. Persónuverndarfulltrúi .....	6
2.8. Dóttur- og hlutdeildarfélög.....	7
3. Áhættuvilji .....	7
4. Upplýsingamiðlun innan samstæðu.....	7

Þessi útgáfa af Stefnu um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka var samþykkt á stjórnarfundum í Kópavogi 04. maí 2023 og er rafrænt undirrituð af stjórn Íslandsbanka og bankastjóra.

Finnur Árnason, stjórnarformaður

Guðrún Þorgeirsdóttir

Anna Þórðardóttir

Ari Daníelsson

Agnar Tómas Möller

Frosti Ólafsson

Valgerður Hrunn Skúladóttir

Birna Einarsson, bankastjóri

## 1. Inngangur

Peningaþvætti og hryðjuverk eru ógn við umhverfið sem Íslandsbanki hf. (hér eftir bankinn) starfar í og er bankinn meðvitaður um hættuna á því að slík brot dragi úr trúverðugleika fjármálakerfisins. Það er bankanum kappsmál að standa vörð um áreiðanleika greiðslumiðlunar og trúverðugleika í þeim lögsögum sem bankinn starfar. Hefur bankinn einsett sér að grípa til allra tiltækra og viðeigandi ráða til að koma í veg fyrir að hann eða vörur hans verði notaðar í því skyni að þvætta fé eða fjármagna hryðjuverk. Leggur bankinn í þessu skyni áherslu á algera fylgni við viðeigandi lög, reglur og bestu framkvæmd sem um starfsemi bankans gilda á hverjum tíma. Í lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir PPL) er gerð sú krafa á bankann að skjalfesta stefnu sem þessa og tilgreint hvað hún skuli innihalda.

### 1.1. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru úr PPL:

**Peningaþvætti:** Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við ávinningi, nýtir ávinning eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum; einnig þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

**Fjármögnun hryðjuverka:** Öflun fjár, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það í heild eða að hluta til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga nr. 19/1040.

**Ábyrgðarmaður:** Einstaklingur úr hópi stjórnenda sem skal tryggja að tilkynningar um grunsamleg viðskipti séu sendar á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Hann skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem geta skipt máli vegna tilkynninga. Hann skal einnig sjá til þess að stefnur, reglur og verkferlar séu innleiddir, sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd laga um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Regluvörður gegnir stöðu ábyrgðarmanns hjá Íslandsbanka hf.

**Tilkynningarskylda:** Skyldan til að tilkynna skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu tímanlega um grunsamleg viðskipti. Gera skal skriflegar skýrslur um öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti sem eiga sér stað í starfsemi bankans. Einnig skal veita skrifstofunni allar nauðsynlegar upplýsingar sem hún óskar eftir í tengslum við tilkynningar.

**Tilkynningarskyldir aðilar:** Aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. PPL og stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Á aðilunum hvílir skylda til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til lögbærra yfirvalda vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögmæta starfsemi.

**Sýndarfé:** Hvers konar stafrænt fé sem er hvorki rafeyrir í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris né gjaldmiðill.

**Áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki:** Ríki sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skv. tilkynningum Fjármálaeftirlitsins og reglugerð um áhættusöm þriðju lönd.

### 1.2. Lagalegur bakgrunnur

Stefna þessi er sett á grundvelli PPL, einkum a. lið 5. gr. og 32. gr. Þar segir m.a. að tilkynningarskyldir aðilar (bankinn), sem eru hluti af samstæðu, skuli á samstæðugrunni setja sér stefnu og ferla, þar á meðal um vernd persónuupplýsinga og upplýsingamiðlun innan samstæðunnar, varðandi málefni sem heyra undir lögin.

### 1.3. Markmið og gildissvið

Markmið stefunnar er að tryggja að bankinn fylgi þeim lögum og reglum sem um málaflokkinn gilda á hverjum tíma, og fylgist með og stuðli að hinu sama er varðar dótturfélög bankans og hlutdeildarfélög, óháð því hvar starfsemi þeirra fer fram. Stefnunni er ætlað að tryggja að umgjörð um málaflokkinn sé í samræmi við viðeigandi lög, reglur, tilmæli og leiðbeiningar sem um hann gilda á hverjum tíma, ábyrgð og verkaskipting innan bankans í tengslum við hann sé skýr og fullnægjandi eftirlit með honum sé viðhaft.

Hún vísar einnig til yfirlýsingar bankans um áhættuvilja (e. Risk Appetite Statement). Áhættuvilji bankans, vegna varna gegn peningabætti og fjármögnunar hryðjuverka, skal ná til dótturfélaga, hlutdeildarfélaga og þriðju aðila.

Bankinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu. Skilvirkar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru nauðsynlegur þáttur í þeirri viðleitni. Stefna þessi er mikilvægur liður í því að tryggja skýrt og árangursríkt regluverk um málaflokkinn.

### 1.4. Eignarhald og endurskoðun stefnu

Stefna þessi er samþykkt af stjórn bankans. Stefnan skal endurskoðuð á a.m.k. tveggja ára fresti og uppfærð þegar við á. Regluvarsla ber ábyrgð á að tryggja að endurskoðun eigi sér stað.

## 2. Hlutverk og ábyrgð

### 2.1. Stjórn

Stjórn skal upplýst um niðurstöðu AML áhættumats<sup>1</sup>. Stjórn ber að tryggja að viðeigandi og fullnægjandi innri reglur, ferlar, kerfi og verklag séu til staðar til að lágmarka áhættu vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka í starfsemi bankans. Stjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglum settum með stoð í þeim. Stjórn skal að auki a.m.k. einu sinni á ári fara yfir AML skýrslu ábyrgðarmanns og fá eftir atvikum framvinduskýrslu fyrir atriði sem bankanum stafar hærrí áhætta af.

### 2.2. Áhættustefnunefnd

Áhættustefnunefnd ber ábyrgð á innleiðingu stefnu þessarar. Nefndin rýnir og staðfestir stefnu- og regluskjöl um áhættustýringu, þ. á m. stefnu þessa, hvort sem um er að ræða reglubundna endurskoðun eða tilfallandi breytingar, áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Áhættustefnunefnd staðfestir reglur bankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skilgreinir og skrásetur aðferðafræði við áhættumat á viðskiptavinum og viðskiptum, s.s. aðferðir við mildun áhættu og áreiðanleikakönnun. Nefndin skal einnig yfirfara AML skýrslu ábyrgðarmanns a.m.k. árlega.

### 2.3. Framkvæmdastjórar

Framkvæmdastjórar skulu tryggja að starfsmenn þeirra þekki stefnu þessa og skyldur sínar samkvæmt henni og starfi í samræmi við hana. Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að starfsmenn þeirra starfi í samræmi við PPL sem og viðeigandi ytri og innri reglur, ferla, kerfi og verklag sem bankinn hefur sett sér, og bera ábyrgð á því að starfsfólk þeirra sækir fræðslu um málaflokkinn. Framkvæmdastjórar skulu tryggja að settar séu verklagsreglur og gátlistar til að uppfylla þær lagaskyldur sem fylgja málaflokknum, t.d. um tilkynningarskyldu um grunsamleg viðskipti og innra eftirlit. Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að viðskipti einingarinnar séu í samræmi við framangreint. Í því getur bæði falist að stofna ekki til viðskiptasambands við aðila eða binda enda á viðskiptasamband sem þegar hefur verið stofnað til. Nánar er kveðið á um

---

<sup>1</sup> Áhættumat bankans vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sbr. 5. gr. PPL þar sem segir að tilkynningarskyldir aðilar skulu gera áhættumat á starfsemi sinni, samningssamböndum og einstökum viðskiptum í samræmi við fyrrnefnda grein.

ábyrgð, verkaskiptingu og verklag í reglum bankans um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í samræmi við EBA tilmæli<sup>2</sup> skal tilnefna aðila í framkvæmdastjórn sem sérstakan AML ábyrgðaraðila. Hlutverk hans er að tryggja að stefna, verklagsreglur og innri stýringar séu nægar og í samræmi við rekstur bankans.

#### 2.4. Regluvarsla

Regluvörður bankans er jafnframt ábyrgðarmaður, sbr. skilgreiningu í kafla 1.1 stefnu þessarar. Regluvarsla stýrir, vaktar og metur varnir bankans vegna hlítни við stefnu þessa og PPL. Regluvarsla hefur eftirlit með því að viðeigandi ferlar og kerfi séu til staðar til að tryggja hlítни við stefnu þessa og ber hún einnig ábyrgð á eftirliti með því að stefnunni sé framfylgt. Nánar er kveðið á um verklag við það eftirlit í rekstrarskjólum bankans. Regluvarsla framkvæmir einnig skriflegt áhættumat sem tekur mið af þeim áhættuþáttum sem tengjast viðskiptavinum, viðskiptalöndum, svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Regluvarsla ber ábyrgð á eftirliti með því að allir starfsmenn bankans hljóti viðeigandi fræðslu um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi bankans og að gerð sé þjálfunar- og fræðsluáætlun fyrir starfsmenn. Regluvörður ber jafnframt ábyrgð á kynningu stefnunnar á samstæðugrunni.

#### 2.5. Innri endurskoðun

Innri endurskoðun metur hlítни aðgerða bankans og starfseininga hans við innri stefnur og verklag. Innri endurskoðun metur einnig hvort stefnur og verklag séu með fullnægjandi hætti m.t.t. krafna laga og ytri reglna.

#### 2.6. Allir starfsmenn

Allir starfsmenn skulu þekkja og starfa í samræmi við stefnu þessa. Starfsmenn skulu rýna og vera meðvitaðir um hvar hættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka geti falist í störfum þeirra og beita áhættumiðaðri nálgun við framkvæmd starfa sinna sem þeir telja best til þess fallna að draga úr áhættunni og fylgja því verklagi sem innleitt hefur verið í starfseminum.

Starfsmenn skulu ávallt hafa það að markmiði að:

- takmarka áhættu vegna peningþvættis eða fjármögnun hryðjuverka í starfsemi bankans og vera meðvitaðir um ábyrgð sína m.t.t. þessa,
- áhætta vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka sé ávallt þáttur við mat og val á því hvaða starfsemi sé starfrækt innan bankans og með hvaða hætti,
- málefni viðskiptavina séu meðhöndluð með lögmætum og sanngjörnum hætti,
- orðspor og ímynd bankans skaðist ekki,
- takmarka það fjárhagslega tjón sem bankinn getur orðið fyrir við brot á lögum og reglum.

Starfsmenn skulu koma ábendingum á framfæri við ábyrgðarmann telji þeir að brotið hafi verið gegn stefnu þessari. Þá geta starfsmenn einnig sent inn nafnlausar ábendingar sem tilkynningar um misferli á innri síðu bankans.

#### 2.7. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með því að skýrir ferlar séu til staðar vegna öflunar og miðlunar persónuupplýsinga í tengslum við stefnu þessa.

---

<sup>2</sup> EBA/GL/2022/05

## 2.8. Dóttur- og hlutdeildarfélag

Starfsemi dóttur- og hlutdeildarféлага bankans skal vera í samræmi við kröfur PPL og viðeigandi regla sem og stefnu þessa. Innleiðing á stefnu þessari gangvart dótturfélögum bankans skal taka mið af stefnu bankans um eignarhald í öðrum félögum.

## 3. Áhættuvilji

Viðskipti við aðila sem tengjast ólögmætri starfsemi, s.s. peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, með einum eða öðrum hætti, eru óheimil. Sama gildir eftir atvikum um viðskipti við aðila sem stunda eftirfarandi starfsemi eða eftirfarandi á við um:

- Happraætti og veðmálastarfsemi sem eru ekki heimilud skv. viðeigandi lögum.
- Fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á framleiðslu/dreifingu á klámi.
- Vopnasala og vopnaframleiðsla þar sem sú starfsemi skapar meginhluta tekna.
- Skelbankar (banki með enga raunverulega starfsemi).
- Mansal.
- Fíkniefnasala og/eða framleiðsla.
- Námuvinnsla stafræns sýndarfjár og/eða miðlun á sýndarfé.
- Aðilar á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.

Óheimilt er að bjóða viðskiptavinum bankans upp á nafnlaus viðskipti og eru verklagsreglur og kerfi bankans þannig upp sett að komið er í veg fyrir að hægt sé að eiga slík viðskipti. Þá er starfsmönnum með öllu óheimilt að taka þátt eða stuðla að viðskiptum sem ætlað er að dylja raunverulegt eignarhald lögaðila.

Greiðslur, sem grunur er um að feli í sér brot á almennum hegningarlögum eða refsivert brot á öðrum íslenskum lögum, óháð því hvort þær stafa frá starfsemi sem er lögmæt í því ríki þar sem hún er stunduð eður ei, er óheimilt að móttaka og/eða miðla.

Gæta skal sérstakrar varfærni þegar stofnað er til viðskipta eða viðskiptasambandi haldið áfram við aðila sem eru staðsettir, með ríkisfang, búsetu eða starfstöð í áhættusömu eða ósamvinnuþýði ríki. Sama á við um viðskipti við og miðlun greiðslna til eða frá áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum. Einnig skal gæta sérstakrar varfærni vegna viðskiptasambands við aðila með flókið og/eða óljóst eignarhald og/eða erlent eignarhald. Verklag skal útlistað nánar í reglum og verkferlum bankans um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tiltekin tegund atvinnustarfsemi eða tilteknir aðilar geta verið taldir bera með sér aukna áhættu samkvæmt áhættumati Regluvörslu og eru þá viðskipti við slíka aðila metin hverju sinni af Regluvörslu og viðkomandi viðskiptaeyningu.

Viðskiptasambönd sem ekki samræmast áhættuvilja bankans, eins og honum er hér lýst, skal slitið í samræmi við verklag þar að lútandi. Viðkomandi viðskiptavinir, fá áhættuflokkinn *prohibited* sem starfsmenn Regluvörslu geta einir sett á með handvirkum hætti. Viðskiptavinir sem fá þennan flokk eru útilokaðir frá viðskiptum hjá bankanum í 7 ár frá uppsögn nema að sérstakar ástæður séu til endurskoðunar á uppsögn fyrir þann tíma. Að þeim tíma loknum þarf að meta sérstaklega hvort heimilt sé að hefja viðskipti við þá að nýju í samræmi við verklag þeirrar viðskiptaeyningar sem á viðskiptasambandið.

## 4. Upplýsingamiðlun innan samstæðu

Öll upplýsingamiðlun, sem tekur til þeirra upplýsinga sem aflað er á grundvelli PPL, skal borin undir Regluvörslu eða þann aðila sem ber ábyrgð á að framfylgja stefnu þessari hjá dóttur- eða hlutdeildarfélagum bankans. Áður en endanleg niðurstaða fæst um hvort miðla skuli upplýsingum frá bankanum skal Regluvarsla bera málið tímanlega undir persónuverndarfulltrúa bankans.